

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VII).

#### 1. gr.

*Gildistaka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500.*

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500 frá 25. mars 2019 um að koma á fót viðbúnaðarráðstöfunum að því er varðar samræmingu almannatrygginga í kjölfar úrsagnar Bretlands úr sambandinu skal öðlast gildi hér á landi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) og bókun 37 við EES-samninginn, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum og bókun 1 við EES-samninginn.

Reglugerðin skal gilda með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2019.

#### 2. gr.

*Efni.*

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar og félags- og barnamálaráðherra fer með.

Í reglugerð heilbrigðisráðherra verður kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar og heilbrigðisráðherra fer með.

Í reglugerð fjármála- og efnahagsráðherra verður kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 443/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (I)) og fjármála- og efnahagsráðherra fer með.

#### 3. gr.

*Fylgiskjöl.*

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57 frá 18. júlí 2019, bls. 4, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 38 frá 16. maí 2019, bls 10, eru birt sem fylgiskjöl 1 og 2 með reglugerð þessari.

#### 4. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 71. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, 6. mgr. 42. gr. og 64. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, og 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 19. ágúst 2019.*

**Ásmundur Einar Daðason.**

*Gunnhildur Gunnarsdóttir.*

**Fylgiskjal 1.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 32/2019  
frá 29. mars 2019  
um breytingu á VI. viðauka við EES-samninginn (Félagslegt öryggi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,  
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500 frá 25. mars 2019 um viðbúnaðarráðstafanir á sviði samræmingar almannatrygginga í kjölfar úrsagnar Sameinaðs konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu <sup>(1)</sup>.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„1a. **32019 R 0500:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500 frá 25. mars 2019 um að koma á fót viðbúnaðarráðstöfunum að því er varðar samræmingu almannatrygginga í kjölfar úrsagnar Bretlands úr Sambandinu (Stjtið. ESB L 851, 27.3.2019, bls. 35).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/500 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. mars 2019, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hefur farið fram, eftir því hvor dagsetningin er síðar (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.<sup>2</sup>

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 851, 27.3.2019, bls. 35.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Fylgiskjal 2.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/500**

frá 25. mars 2019

**um að koma á fót viðbúnaðarráðstöfunum að því er varðar samræmingu almannatrygginga í kjölfar úrsagnar Bretlands úr Sambandinu**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 48. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur öðlast gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. frá 30. mars 2019, nema leiðtogaráðið ákveði einróma, í samráði við Bretland, að framlengja það tímabil.
- 2) Ef ekki er um að ræða útgöngusamning eða framlengingu á því tveggja ára tímabili, sem hófst við tilkynningu Bretlands um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu, munu reglur Sambandsins um samræmingu almannatrygginga, sem kveðið er á um í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 <sup>(2)</sup> og (EB) nr. 987/2009 <sup>(3)</sup>, hætta að gilda um Bretland og í Bretlandi frá 30. mars 2019.
- 3) Af því leiðir að einstaklingar, sem hafa sem borgarar Sambandsins nýtt sér með lögmætum hætti réttinn til fjálsrar farar eða staðfestu, sem felst í 45. og 49. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, fyrir útgöngu Bretlands úr Sambandinu, auk aðstandenda þeirra og eftirlifenda, geta ekki lengur reitt sig á reglur Sambandsins um samræmingu almannatrygginga með tilliti til almannatryggingaréttinda sinna sem byggja á málavöxtum og atburðum sem áttu sér stað, og tryggingatímabilum, starfstímabilum launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga eða búsetutímabilum sem lokið var, fyrir útgöngudaginn og vörðuðu Bretland. Ríkisfangslausir einstaklingar og flóttamenn, sem heyra eða hafa heyrt undir löggjöf eins aðildarríkis eða fleiri og sem eru eða hafa verið í aðstæðum sem varða Bretland, auk aðstandenda þeirra og eftirlifenda, munu einnig verða fyrir áhrifum.
- 4) Til þess að ná því markmiði að standa vörð um almannatryggingaréttindi hlutaðeigandi einstaklinga ættu aðildarríkin að beita áfram meginreglur Sambandsins um jafna meðferð, jafngildi og söfnun, eins og mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009, sem og ákvæðum þessara reglugerða sem nauðsynleg eru til að koma fyrrnefndum meginreglum til framkvæmda með tilliti til tryggðra einstaklinga, mála-vaxta eða atburða sem áttu sér stað, og tímabila sem lokið var, fyrir útgöngu Bretlands úr Sambandinu.
- 5) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á fyrirliggjandi samninga um almannatryggingar milli Bretlands og eins aðildarríkis eða fleiri sem uppfylla skilyrði 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009. Þessi reglugerð er með fyrirvara um möguleika Sambandsins eða aðildarríkjanna til að gera ráðstafanir er varða samvinnu á sviði stjórnsýslu og upplýsingaskipti við þar til bærar stofnanir í Bretlandi í þeim tilgangi að koma meginreglum þessara reglugerðar til framkvæmda. Enn fremur hefur þessi reglugerð ekki áhrif á valdheimildir Sambandsins eða aðildarríkjanna til að ganga til samninga um almannatryggingar við þriðju lönd eða Bretland sem taka til tímabilsins sem hefst eftir þann dag er sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland.
- 6) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á réttindi sem viðkomandi hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér í samræmi við löggjöf aðildarríkis á tímabilinu fram að þeim degi er þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Gott samstarf er nauðsynlegt til þess að unnt sé að vernda og viðhalda slíkum réttindum. Áriðandi er að tryggja að viðkomandi einstaklingar hafi aðgang að viðeigandi og tímanlegum upplýsingum.
- 7) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessara reglugerðar, þ.e. að ná samræmdri, einhliða beitingu meginreglna almannatrygginga um jafna meðferð, jafngildi og söfnun, og þeim verður, vegna samræmds viðbúnaðar þeirra, betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

<sup>(1)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 13. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 19. mars 2019.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1).

- 8) Í ljósi þess að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland 30. mars 2019 ef ekki liggur fyrir útgöngusamningur eða framlenging á því tveggja ára tímabili sem hófst við tilkynningu Bretlands um að ganga úr Sambandinu og í ljósi þess að nauðsynlegt er að tryggja réttarvissu var talið rétt að setja fram undanþágu frá átta vikna frestinum sem um getur í 4. gr. bókunar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, sem fylgir sáttmálanum um Evrópu-sambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.
- 9) Áriðandi er að þessi reglugerð öðlist gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og hún ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland nema útgöngusamningur við Bretland hafi öðlast gildi fyrir þann dag.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Skilgreiningar

Að því er þessa reglugerð varðar gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

2. gr.

#### Einstaklingar sem eru tryggðir

Þessi reglugerð skal gilda um eftirtalda einstaklinga:

- a) ríkisborgara aðildarríkis, ríkisfangslausa einstaklinga og flóttamenn sem heyra eða hafa heyrt undir löggjöf eins aðildarríkis eða fleiri og eru eða hafa verið í aðstæðum sem varða Bretland fyrir þann dag er þessi reglugerð kemur til framkvæmda, auk aðstandenda þeirra og eftirlifenda,
- b) ríkisborgara Bretlands sem heyra eða hafa heyrt undir löggjöf eins aðildarríkis eða fleiri fyrir þann dag er þessi reglugerð kemur til framkvæmda, auk aðstandenda þeirra og eftirlifenda.

3. gr.

#### Tryggingaflokkar

Reglugerð þessi skal gilda um alla flokka almannatrygginga sem kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

4. gr.

#### Jafnræði við málsmeðferð

Meginreglan um jafna meðferð, sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, skal gilda um þá einstaklinga sem um getur í 2. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar aðstæður sem komið hafa upp fyrir þann dag er þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

5. gr.

Jafngildi og söfnun

1. Meginreglan um jafngildi, sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, skal gilda að því er varðar bætur eða tekjur sem aflað hefur verið og málavexti eða atburði sem hafa átt sér stað í Bretlandi fyrir þann dag er þessi reglugerð kemur til framkvæmda.
2. Meginreglan um söfnun, sem mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, skal gilda með tilliti til tryggingatímabíla, starfstímabíla launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga eða búsetutímabíla í Bretlandi sem lokið er fyrir þann dag er þessi reglugerð kemur til framkvæmda.
3. Önnur ákvæði reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009, sem nauðsynleg eru til að koma til framkvæmda þeim meginreglum sem mælt er fyrir um skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skulu gilda.

6. gr.

#### Tengsl við aðra gerninga um samræmingu

1. Þessi reglugerð skal vera með fyrirvara um fyrirliggjandi samninga um almannatryggingar milli Bretlands og eins aðildarríkis eða fleiri sem uppfylla skilyrði 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.
2. Þessi reglugerð skal vera með fyrirvara um samninga um almannatryggingar milli Bretlands og eins aðildarríkis eða fleiri sem gengið er frá eftir þann dag er sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og taka til tímabilsins fyrir þann dag er þessi reglugerð kemur til framkvæmda, að því tilskildu að samningarnir komi til framkvæmda þeim meginreglum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar, beiti þeim ákvæðum sem um getur í 3. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar, á grundvelli meginreglna reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og í anda þeirra.

7. gr.

**Skýrsla**

Einu ári eftir þann dag er þessi reglugerð kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar reglugerðar. Í skýrslunni skal einkum fjalla um raunveruleg vandamál sem varða viðkomandi einstaklinga, m.a. þau sem rekja má til þess að samræming almannatryggingakerfa hefur ekki verið samfelld.

8. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Þessi reglugerð skal þó ekki koma til framkvæmda ef útgöngusamningur, sem gerður er við Bretland í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hefur öðlast gildi fyrir þann dag er þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. mars 2019.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. Tajani

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. Ciamba

*forseti.*